

# Rubbol BL Rezisto Satin

## Rispum- og fituþolið akrýllakk 25%

### Efnislýsing

Rubbol BL Rezisto Satin er níðsterkt, vatnsþynnánlegt akrýllakk, ætlað til notkunar innanhúss. Rezisto Satin lakkíð er sérlega hannað til að standast álag sem í hefðbundnum lökkum veldur rispum og mykingu vegna fitu, t.d. húðfitu (sem smám saman gerir flötinn erfiðan að þrífa). Þessir eiginleikar eru fengnir með sk. krossstengitækni (cross-linking technology) í uppbyggingu bindiefnisins. Rubbol BL Rezisto Satin hentar því afar vel í skólum, veitingastöðum, eldhúsum og öðrum svæðum þar sem mikið álag getur verið á yfirborðsflötum. Lakkíð er frábært á handrið.

Rezisto lakkíð er auðvelt í notkun, flýtur vel og þornar hratt. Það hylur afar vel, er lyktarlítið og gulnar ekki. Rubbol BL Rezisto Satin er ætlað sem ysta málningarálag á við, málma, PVC og annað harðplast, steypu og gifis og er borið ofan á undirlag af viðeigandi grunni (sjá neðar).

### Meðhöndlun

Rakastig timburs þarf að vera milli 12% og 15%.

#### Nýmálun

- Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
- Ef um málm er að ræða skal fyrst nota viðeigandi málmgrunn, t.d. Nordsjö Metal Primer.
- Grunnið ætíð með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer.
- Pússið létt yfir með fínnum sandpappír.
- Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Satin. Gott er að þússa létt yfir milli umferða.

#### Endurmálun

- Hreinsið flötinn, slípið og tryggið að flöturinn sé fitu- og ryklaus.
- Grunnið skemmda fleti með 1-2 umferðum af Rubbol BL Rezisto Primer (Nordsjö Metal Primer á málm).
- Pússið létt yfir með fínnum sandpappír.
- Málið 1-2 umferðir af Rubbol BL Rezisto Satin. Gott er að þússa létt yfir milli umferða.

ATH. Vatnsþynnánleg efni eru viðkvæm fyrir mykingsarefnum í plastefnum eins og PVC einangrunarefnum/kitti. Málningarfílman getur orðið mjúk og klístruð. Betra er að nota EPDM gúmmí til einangrunar á gluggarömmum.

Svo komið sé í veg fyrir blæðingu í vissum viðartegundum (t.d. merbau, dökkräuðri meranti, eik, afzelia) og gulnun kvista í furu skal grunna að auki með af Rubbol BL Rezisto Primer eða Rubbol BL Isoprimer.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónog. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellid ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tóumum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Tegund:** Akryl

**Gljástig:** 25 GU/60° (ISO 2813)

**Béttleiki:** 1,29 kg/dm<sup>3</sup>

**Hiti við málun:** 5-30°C

**Rakastig:** Mest 85%

**Þurrefni:** Hvít: Um 47% af vigt og 33% af rúmmáli

**Ráðlöögð þykkt á umferð:** Þurr: Um 30 míkrón Blaatt: Um 90-100 míkrón

**Þornun við 20°C og 65% raka:** Opinn tími 4-5 mín. Rykfrítt: Um 1-2 klst. Snertíþurrt: Um 2-3 klst. Yfirmálun: Um 6-8 klst. Efnið nær fullri hörku á 5 dögum við 20°C (8 dagar við 10°C)

**Þynning:** Þynnið ekki

**Verkfæri:** Penslar, lakkrúllur

**Þekja:** Um 10-12 m<sup>2</sup>/l (veltur mikið á undirlagi og aðferð og aðstæðum við málun)

**Litur:** Hvítur og litastofnar

**Umbúðir:** 0,5, 1 og 2,5 lítra dósir

**Hreinsun:** Vatn

**Geymsla:** Minnst 24 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum umbúðum. Geymist í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) mest 130 g/l (2010). Rubbol BL Rezisto Satin inniheldur mest 80 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**



**SÉREFNI** Dalvegur 32b, 201 Kópavogur, Iceland | sími 517 0404 | [serefni.is](#)